

Greinargerð með tillögum stjórnar að breytingum á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) á ársfundi 2025

Stjórn samþykki á stjórnarfundi 10. júní 2025 breytingartillögur á LSA fyrir ársfund sjóðsins sem haldinn verður 18. júní 2025. Verði tillögurnar samþykktar á ársfundinum verða þær sendar fjármála- og efnahagsráðuneytinu til staðfestingar. Að fenginni staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins öðlast breytingarnar gildi.

Tilgangur breytingatillagnanna er að liðka fyrir og leggja traustari grunn að fyrirhuguðum samruna LSA við Brú lífeyrissjóð sem stefnt hefur verið að í nokkurn tíma sbr. viljayfirlýsingu stjórnar LSA frá 20. desember 2024.

Stjórn sjóðsins leggur til breytingar á fjórum greinum samþykktá sjóðsins og er tilgangur breytinganna fyrst og fremst að samræma ákvæði í samþykktum LSA að þeim ákvæðum samþykktá Brúar sem snúa að sjóðsdeildum eldri sveitarfélagasjóða sem runnið hafa saman við Brú á síðustu árum. Í stuttu máli eru breytingarnar eftirfarandi en eru útskýrðar nánar í umfjöllun á næstu síðum:

- | | |
|---------------------------------|---|
| <i>Greinar 18. b og 18. c.:</i> | Tillaga sem miðar að því að fella niður heimild til þriggja mánaða hliðrunar á ákvörðunartöku um val á eftirmannsreglu. |
| <i>Grein 18. d:</i> | Tillaga sem miðar að því að breyting úr eftirmannsreglu yfir í meðaltalsreglu verði framkvæmd mánuði eftir að hennar er óskað í staða þess að hún sé framkvæmd ári hennar er óskað |
| <i>Grein 24:</i> | Lagt er til að núgildandi 24 gr. um viðbótarframlög stofnana verði felld niður en í hennar stað komi grein um hlutfallstölu viðbótariðgjalds sem er sambærileg við slíkar greinar í gildandi samþykktum Brúar |
| <i>Grein 32:</i> | Tillaga sem miðar að því að einfalda ferlið við samþykktabreytingar hjá sjóðnum og færa það ferli til samræmis við ferlið hjá Brú lífeyrissjóði. |

Greinar 18. b og 18. c

Grein 18 í samþykktum fjallar um breytingar á lífeyri, eftir að taka lífeyris hefst. Í a) lið greinarinnar er sett fram meginregla um að eftir að taka lífeyris hefst skuli eftirlaun, makalífeyrir eða örorkulífeyrir breytast í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands (meðaltalsregla). Í b) lið er hins vegar fjallað um svokallaða eftirmannsreglu og í c) lið kemur fram að lífeyrisþegi sem á rétt á að velja eftirmannsreglu skuli innan þriggja mánaða frá því að taka lífeyris hefst, tilkynna sjóðum um það hvort breytingar á lífeyri hans eigi að fylgja meðaltalsreglu eða eftirmannsreglu. Berist ekki tilkynning er viðkomandi settur á meðaltalsreglu og er það val bindandi upp frá því samkvæmt samþykktunum. Hjá Brú lífeyrissjóði hefur þessi þriggja mánaða hliðrun á ákvarðanatöku verið aflögð og hefur það gefið góða raun. Brú hefur óskað eftir því að LSA geri sambærilega breytingu á sínum samþykktum í aðdraganda samruna og stjórn sér ekki sérstaka meinbugi á að gera slíka breytingu þannig að sjóðfélagi þurfi að velja strax og taka lífeyris hefst hvort hann vilji meðaltalsreglu eða eftirmannsreglu.

Breytingatillaga á samþykktum til að ná þessu fram felur í sér að bætt verði inn í b) lið 18. gr. kröfu um að lífeyrisþegi taki fram í umsókn hvort hann vilji fara á eftirmannsreglu frekar en meðaltalsreglu. Þá er lagt til að c) liður 18. gr. falli niður.

Gr. 18 b) er nú svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði a)-liðar geta þeir, sem njóta lífeyris frá sjóðnum við gildistöku samþykpta þessara eða hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi sem greitt er af til sjóðsins til þess tíma, eftir gildistöku samþykpta þessara, ákveðið að í stað breytinga skv. a)-lið fylgi lífeyririnn breytingum á þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða upphaflegur lífeyrir þeirra var miðaður við. Val lífeyrisþega við upphaf töku lífeyris skv. þessu ákvæði nær einnig til makalífeyrisréttar. Sama rétt á vali skv. þessari grein eiga þeir sem voru sjóðfélagar við verkaskiptalög milli ríkis og sveitarfélaga 1989 og 1990 skv. lögum nr. 87/1989 og 75/1990 um breytingar á lögum nr. 59/1983 og hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi því sem þeir greiddu af til sjóðsins til 31. janúar 1991.

Gr. 18 b) verði svohljóðandi (breytingar rauðar):

Þrátt fyrir ákvæði a)-liðar geta þeir, sem njóta lífeyris frá sjóðnum við gildistöku samþykpta þessara eða hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi sem greitt er af til sjóðsins til þess tíma, eftir gildistöku samþykpta þessara, ákveðið að í stað breytinga skv. a)-lið fylgi lífeyririnn breytingum á þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða upphaflegur lífeyrir þeirra var miðaður við. Val lífeyrisþega við upphaf töku lífeyris skv. þessu ákvæði **skal taka fram í umsókn og nær það** einnig til makalífeyrisréttar. Sama rétt á vali skv. þessari grein eiga þeir sem voru sjóðfélagar við verkaskiptalög milli ríkis og sveitarfélaga 1989 og 1990 skv. lögum nr. 87/1989 og 75/1990 um breytingar á lögum nr. 59/1983 og hefja töku lífeyris í beinu

	framhaldi af starfi því sem þeir greiddu af til sjóðsins til 31. janúar 1991.
Gr. 18 c) var svohljóðandi: Lífeyrisþegi sem hefur töku lífeyris eftir gildistöku samþykktu þessara og á rétt á vali skv. b)-lið skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að taka lífeyris hefst, tilkynna sjóðnum hvort um lífeyri hans skuli fara eftir a) eða b)-lið. Berist ekki slík tilkynning skal farið eftir a)-lið. Berist ekki tilkynning eða ef sjóðfélagi velur a)-lið er það val bindandi upp frá því.	Gr. 18 c) verði svohljóðandi: Greinin fellur niður

Grein 18. d)

Í grein 18. d) er heimild fyrir lífeyrisþega sem valið hafa eftirmannsreglu að breyta því vali síðar og skipta yfir í meðaltalsreglu og verða þá bundinn við það val upp frá því. Slík breyting úr eftirmannsreglu í meðaltalsreglu kemur samkvæmt samþykktum LSA til framkvæmda einu ári eftir að óskað er eftir henni. Í samþykktum Brúar og þeirra sjóða sem runnið hafa inn í Brú er og hefur verið kveðið á um að slíkar breytingar komi til framkvæmda einum mánuði eftir að þeirra er óskað með skriflegum hætti. Brú hefur óskað eftir því að LSA geri sambærilega breytingu á sínum samþykktum í aðdraganda samruna og stjórn sér ekki sérstaka meinbugi á að gera slíka breytingu og leggur því til breytingu á grein 18. d) til samræmis við ósk Brúar

Gr. 18 d) er nú svohljóðandi: Þeir sjóðfélagar sem valið hafa að lífeyrir þeirra fari eftir b)-lið eiga þess kost að velja síðar, að farið verði eftir ákvæðum a)-liðar og það bindandi upp frá því. Sú breyting kemur til framkvæmda einu ári eftir að hennar var óskað með skriflegum hætti. Breytingar skv. a)-lið skulu þá miðaðar við lífeyri sjóðfélagans eins og hann var í mánuðinum á undan breytingunni, eins og hann var þá ákveðinn skv. b)-lið.	Gr. 18 d) verði svohljóðandi: Þeir sjóðfélagar sem valið hafa að lífeyrir þeirra fari eftir b)-lið eiga þess kost að velja síðar, að farið verði eftir ákvæðum a)-liðar og það bindandi upp frá því. Sú breyting kemur til framkvæmda einum mánuði einu ári eftir að hennar var óskað með skriflegum hætti og lífeyrissjóðurinn hefur staðfest móttöku umsóknar um breytingu . Breytingar skv. a)-lið skulu þá miðaðar við lífeyri sjóðfélagans eins og hann var í mánuðinum á undan breytingunni, eins og hann var þá ákveðinn skv. b)-lið.
--	---

Grein 24

Í 24 gr. samþykktu er ákvæði um viðbótarframlag launagreiðanda til viðbótar við greitt iðgjald. Í sem skemmstu máli segir þar að launagreiðendur skuli endurgreiða sjóðnum hækkanir sem verða á lífeyri eftir að taka lífeyris hefst. Eftir því sem frá líður lífeyristöku mun því launagreiðandi greiða sívaxandi hluta lífeyris.

Samþykktir lífeyrissjóða bæjarfélaga, t.d. LSA voru upphaflega miðaðar við ákvæði samþykktu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og í samþykktum þess sjóðs er ákvæði sem er nánast samhljóða ákvæði 24. gr. samþykktu LSA.

Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborg (LsRb), sem er sá sjóður sem síðast sameinaðist inn í Brú og var á flestan hátt mjög eðlislíkur LSA, var hins vegar önnur útfærsla á viðbótarframlagi við iðgjald. Þar var ákveðið fast hlutfall af lífeyrisgreiðslum sem launagreiðandi skyldi greiða. Allir sjóðir bæjarfélaga, aðrir en LSA, hafa breytt ákvæðum samþykktu um viðbótarframlag í það fyrirkomulag sem LsRb notaði og af hálfu Brúar hefur komið fram ósk um að samþykktum LSA verði einnig breytt í þá veru áður en samruni gengur í gegn. Hér er um að ræða nokkuð mikla breytingu á fyrirkomulagi og var Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur fenginn til að meta áhrif hennar á iðgjaldagreiðendur og er minnisblað hans fylginskið með greinargerð þessari. Í tengslum við niðurstöðu hans um 200 milljóna árlega hækkun á endurgreiðslum Akureyrarbæjar skal tekið fram að í úttekt Bjarna er ekki tekið tillit til innborgana Akureyrarbæjar og þar með uppgerðra skuldbindinga sem leiða til þess að áhrif breytingartillögunar verða hverfandi eða jafnvel til lækkunar á árlegum endurgreiðslum lífeyris.

Með vísan í ofangreint leggur stjórn til að nógildandi 24. gr. samþykktu verði felld niður og staðin komi grein þeirri sem var í samþykktum LsRb og er nú í samþykktum Brúar

Gr. 24 er nú svohljóðandi:

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum eftirlaunum örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna sbr. 12., 13., 14. og 15. gr. og endurgreiðir þá bæjarsjóður, viðkomandi stofnanir bæjarins og aðrir þeir launagreiðendur sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum til sjóðsins. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðanda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunnin réttur er reiknaður eftir og í

Gr. 24 verði svohljóðandi:

24. a)

Akureyrarbær og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn sjóðnum skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem er tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna sjóðsins. Hlutfallstölu viðbótariðgjalds skal ákveða árlega fyrir sjóðinn. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar ákveður hlutfall sjóðsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði sjóðsins ef miðað er við þá ávöxtun sem

hlutfalli við réttindaávinnslu hjá hverjum launagreiðanda. Hafi innan þriggja ára, áður en taka lífeyris hefst, verði gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðsfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.	gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstartíma og útreiknað hlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur. 24. b) Taki starfsmenn aðildarstofnunar eða fyrirtækis ekki laun eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna og hafi ákvæði um takmörkun iðgjaldagreiðslna ekki verið beitt er stjórn heimilt að láta reikna hlutfall viðbótariðgjalda viðkomandi aðila sérstaklega eftir sömu aðferð og segir í gr. 24. a) 24. c) Stjórn sjóðsins er heimilt að taka við greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi, sem tryggt er með fullnægjandi hætti, frá launagreiðanda til uppgjörs á áföllnum skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Sé skuldbinding launagreiðanda gerð upp með skuldabréfi skal það uppfylla skilyrði fjárfestingarstefnu sjóðsins. 24. d) Stjórn sjóðsins getur heimilað launagreiðanda sem þess óskar að samtímagreiða lífeyrisskuldbindingar með mótframlagi, sem stjórn sjóðsins ákveður að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og fellur þá niður skylda hans til viðbótariðgjalds samkvæmt gr. 24. a) eða 24. b)
---	--

Grein 32

Grein 32. fjallar um breytingar á samþykktum. Samkvæmt henni taka breytingar því aðeins gildi að þær hljóti samþykki 2/3 hluta fundarmanna og séu auk þess samþykktar af bæjarstjórn Akureyrar og stjórn Kjalar, Stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu.

Í samþykktum Brúar og þeirra sveitarfélagasjóða sem runnið hafa inn í Brú á síðustu árum er ekki áskilnaður um að ársfundur samþykki breytingar á samþykktum heldur aðeins stjórnir viðkomandi sveitar- og stéttarféлага. Í tilviki R-deildar Brúar (LsRb – deildin) þarf til dæmis samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur og stjórnar Sameykis (áður starfsmannafélag Reykjavíkurborgar). Að mati stjórnar er ferlið við breytingar á samþykktum óþarflega þungt í vöfum skv. núgildandi samþykktum og eðlilegt að það sé fært til samræmis við sambærilega sjóði. Áréttu skal að lýðræðisleg aðkoma sjóðfélaga að samþykktabreytingum er og verður áfram tryggð í gegnum stéttarfélagið Kjöl sem þarf (hér eftir sem hingað til) að samþykkja allar breytingar á samþykktum svo þær gangi í gegn. Er því lögð til eftirfarandi breyting á 32. gr. samþykta LSA

Gr. 32 er nú svohljóðandi:

Breytingar á samþykktum skal taka fyrir á ársfundi sjóðsins og taka þær því aðeins gildi að þær hljóti samþykki 2/3 hluta fundarmanna og séu auk þess samþykktar af bæjarstjórn Akureyrar og stjórn Kjalar, Stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu. Breytinga á samþykktum skal geta í fundarboði ársfundar. Sjóðfélagar sem óska eftir því að tillögur um breytingar á samþykktum verði teknar fyrir á ársfundi skulu senda stjórn tillögur sínar fyrir lok febrúarmánaðar. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingu á fjárfestingarstefnu sjóðsins, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Tillögur um breytingar á samþykktum skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í a.m.k. viku fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi. Breytingar á samþykktum öðlast ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar að fjármálaráðherra í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997.

Gr. 32 verði svohljóðandi:

Breytingar á samþykktum **þessum skulu samþykktar af bæjarstjórn Akureyrarbæjar og stjórn Kjalar, Stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu. Breytingar skulu kynntar á** skal taka fyrir á ársfundi sjóðsins og **þeirra skal getið í fundarboði ársfundar.** taka þær því aðeins gildi að þær hljóti samþykki 2/3 hluta fundarmanna og séu auk þess samþykktar af bæjarstjórn Akureyrar og stjórn Kjalar, Stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu. Breytinga á samþykktum skal geta í fundarboði ársfundar. Sjóðfélagar sem óska eftir því að tillögur um breytingar á samþykktum verði teknar fyrir á ársfundi skulu senda stjórn tillögur sínar fyrir lok febrúarmánaðar. Miði tillaga **samþykktarbreyting** að aukningu réttinda eða breytingu á fjárfestingarstefnu sjóðsins, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Tillögur um **B**reytingar á samþykktum skulu liggja frammi á skrifstofu **og vefsíðu** sjóðsins í a.m.k. viku fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi. Breytingar á samþykktum öðlast ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar

	að af fjármálaráðherra í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997.
--	--